

FUNDARGERÐ

124. fundar skólanefndar Mýrdalshrepps, haldinn á skrifstofu Mýrdalshrepps, þriðjudaginn 20. september 2005 kl. 17:00.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn skólanefndar. Sveitarstjóri ritaði fundargerð á tölvu. Formaður, Þorgerður Einarsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

I. Grunnskólinn

Á fundinn eru mætt Kolbrún Hjörleifsdóttir skólastjóri og Gunnar Halldórsson fulltrúi kennara. Margrét Birgisdóttir fulltrúi foreldra boðar forföll.

1. Skólanámsskrá, námshluti.

Fyrir liggur námshluti skólanámsskrár. Umsögn foreldraráðs hefur ekki borist. Skólanefnd samþykkir námshluta skólanámsskrár fyrir sitt leyti.

2. Haustskýrsla skóla

Kolbrún leggur fram hluta haustskýrslu. Skólasetning var 25. ágúst og kennsla hófst 26. ágúst. Nemendur eru 68.

Lagt fram til kynningar.

3. Fjárhagsáætlun, endurskoðun

Endurskoðuð fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að rekstrarkostnaður skólans verði um 78,1 millj.kr. í stað 76,0 millj. kr. eins og áætlun ársins gerði ráð fyrir og fari þar með tæp 3% fram úr fyrri áætlun. Kolbrún upplýsir að þetta stafi að mestu leyti af breytingum á starfsmannahaldi, kjarasamningum og veikindaforföllum.

Skólanefnd samþykkir endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir sitt leyti.

4. Önnur mál.

- a) Kolbrún fagnar frágangi á skólalóð en framkvæmdum við hana var lokið í sumar. Skólanefnd tekur undir orð Kolbrúnar.

Kolbrún og Gunnar yfirgefa fundinn.

II. Leikskólinn

Á fundinn er mætt Aðalheiður Sigþórsdóttir leikskólastjóri.

1. Skóladagatal.

Fyrir liggur skóladagatal leikskólans. Haustþing og starfsdagar eru samræmdir haustþingi og starfsdögum grunnskólakennara. Aðalheiður upplýsti að matráðum á Hjallatúni væri boðið á haustþingið.

Skólanefnd samþykkir skóladagatalið.

2. Haustskýrsla.

Nemendur eru 25 frá 12 mánaða til 6 ára, barngildi eru frá 5,8 upp í 14,3, starfsmenn eru 5 í rúmlega 4 stöðugildum.

3. Fjárhagsáætlun, endurskoðun.

Endurskoðuð fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að rekstrarkostnaður skólans verði um 15,5 millj.kr. í stað 14,5 millj. kr. eins og áætlun ársins gerði ráð fyrir og fari þar með tæp 7% fram úr fyrri áætlun.

Skólanefnd samþykkir endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir sitt leyti.

Aðalheiður yfirgefur fundinn.

III. **Tónskólinn**

Á fundinn er mætt Kristín Waage tónskólastjóri.

1. **Skóladagatal**

Skóladagatal verður samræmt skóladagatali grunnskóla eftir föngum. Kristín leggur fram skóladagatal fyrir næsta fund.

2. **Haustskýrsla**

Starfsmenn eru í fæðingarorlofi til 23. sept. og kennsla hefst 26. september. Nemendur eru um 20 í einstaklingsnámi þar af 3 fullorðnir. Í forskólanámi eru nemendur 1-3 bekkjar grunnskóla.

3. **Fjárhagsáætlun, endurskoðun.**

Endurskoðuð fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að rekstrarkostnaður skólans verði um 7,4 millj.kr. í stað 7,0 millj. kr. eins og áætlun ársins gerði ráð fyrir og fari þar með tæp 6% fram úr fyrri áætlun. Kristín upplýsir að þetta liggja að mestu leyti í breytingum á kjarasamningum. Skólanefnd samþykkir endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir sitt leyti.

4. **Önnur mál.**

- a) Sveitarstjórn hefur samþykkt að hækka skólagjöld um 15% frá og með þessu skólaári. Skólanefnd leggur til að veittur verði 15% afsláttur af skólagjöldum á haustönn til að koma til móts við styttri önn vegna fæðingarorlofs starfsmanna.

Kristín yfirgefur fundinn.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 19:00.

Sigrún Guðmundsdóttir

Þorgerður Einarsdóttir
Formaður

Bergþóra Ástþórsdóttir

Ragnheiður Högnadóttir

Andrína Erlingsdóttir